

Hinsvegar getur rétturinn ekki litið svo á, að það útiloki stofnun sjóveðsréttar þótt framkvæmdarstjóri útgerðarfélagsins væri búsettur í Reykjavík. 53. gr. sgll. sbr. 236. gr. 4. lið sömu laga, virðist taka af öll tvímæli um það: „Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns, alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans —“ o. s. frv. Reglan er orðuð sem algild og byggist á því, sem venjulegt er, að útgerðarmaður búi á sama stað og lögheimili skips er.

Hins vegar gera lögin enga undantekningu um þetta þótt svo vilji til, að útgerðarmaður sé búsettur annarsstaðar en á skráningarstað skips, og skipstjóri geri löggerninga þar sem útgerðarmaður er búsettur. Vantar því alla heimild til að víkja frá aðalreglunni, enda þótt hún í þessu tilfelli gangi lengra en tilgangur hennar nær.

3. Rétturinn lítur svo á, að ferð skipsins sé hafin þegar það leggur af stað frá heimili sínu og ís-kaupin hafi verið nauðsynleg til framhalds ferðarinnar, þykja því mótmæli, er byggjast á hinu gagnstæða ekki á rökum reist.

Samkvæmt framansögðu verður að viðurkenna, að stefnandi hafi sjóveðsrétt fyrir kröfu sinni í b/v Rán G. K. 507.

Mánudaginn 20. janúar 1936.

Nr. 95/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Einari Pálma Einarssyni.

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. ágúst 1935: Kærður, Einar Pálmi Einarsson, greiði 200 króna sekt til Menn-ingarsjóðs.

Sektin greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga.

Kærður greiði og allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í forsendum hins áfrýj-
aða lögregluréttardóms, er af héraðsdómaranum
réttilega heimfært undir 18. gr. áfengislaga nr.
33/1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykja-
víkur nr. 2/1930. Þykir refsing kærða samkvæmt
38. áfengislaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar
Reykjavíkur hæfilega ákveðin 300.00 króna sekt í
menningarsjóð, sem afplánist með 25 daga ein-
földu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna
frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í
héraði og hæstarétti, þar með talin málflutnings-
laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæsta-
rétti, 50.00 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði 300
króna sekt í menningarsjóð, sem afplánist
með einföldu fangelsi í 25 daga, ef hún greiðist
ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hér-
aði og hæstarétti, þar með talin málflutnings-
laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,
hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar
Fjeldsted og Garðars Þorsteinssonar, 50.00
krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lög-
um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Pálma Einarssyni, atvinnulausum verkamanni til heimilis Týsgötu 7 hér í bæ fyrir brot á áfengislögunum nr. 33 1935, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður hefir áður hér í lögsagnarumdæminu sætt eftirtöldum refsingum:

- 1929 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1930 $3\frac{3}{4}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1930 $1\frac{1}{4}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1930 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1931 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1931 $3\frac{3}{8}\%$ sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.
- 1932 $2\frac{1}{3}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933 $1\frac{1}{6}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1934 $\frac{2}{3}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
- 1934 $1\frac{1}{2}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $1\frac{1}{6}\%$ sætt 500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1934 $2\frac{1}{6}\%$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{2}{3}\%$ sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
- 1934 $2\frac{8}{12}\%$ Dómur sama réttar 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1934 $3\frac{9}{12}\%$ sætt 50 kr. sekt. fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{1}{4}\%$ Dómur Hæstaréttar 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.

Síðastliðna nótt voru lögregluþjónarnir Þorkell Steinson og Auðunn Sigurðsson á verði í miðbænum og rákust þá á kærðan þar sem hann sat sofandi utan í bifreið, er stóð á planinu fyrir framan Reykjavíkurbær. Var hann mikið drukinn og neitaði að segja til heimilisfangs síns og urðu lögregluþjónarnir því að fara með hann í varðhald.

Með framangreindu athæfi sinu hefir kærður orðið sekur við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 7. gr. og 9. gr., sbr. 96. gr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans, með tilliti til áðurgreindra ítrekana, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til Menningarsjóðs, er greiðist innan þriggja daga frá lögbirtingu dóms þessa en

afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga. Svo greiði og kærður kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 22. janúar 1936.

Nr. 124/1934. H/f Shell á Íslandi (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

h/f Fiskimjöl (Th. B. Líndal).

Ábyrgð á vöruúttekt.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1934: Stefnður h/f. „Fiskimjöl“ skal vera sýkn af kröfum stefnandans Hallgríms A. Tulinius f. h. h/f. „Shell“ í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3450.46 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 8. sept. 1933 til greiðsludags, og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnði hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Fyrir hæstarétti hefir aðiljum komið saman um það, að stefndi hafi aðeins haft á hendi stjórn h/f. Lýsi og Mjöl árið 1932 án þess að hafa tekið á sig nokkra ábyrgð á skuldbindingum þess almennt það ár.

Frá viðtali forstjóra h/f. Fiskimjöl — en hann var látinn áður mál þetta væri höfðað — við þáverandi prókúrista h/f. Shell á Íslandi á öndverðu ári 1932 er svo skýrt, að forstjórinn hafi sagt pró-